

**207** færslurjettinum, að hlutaðeigandi hafi galdið til sveitar eða staðið í skilum með sveit-  
24. okt. arútsvör sín.

Það er ekki alveg ljóst af skjölum málsins, hvernig á stjórnarkorni því, er Gunnar 1868 fjekk lán af, hafi staðið. Það virðist hafa verið lán, er landsstjórnin hafði útvegað til að afstýra hallæri í Vatnsleysustrandarhreppi, og hefir hreppsnefnd Hrunamannahrepps haldið því fram, að lán þetta hafi síður verið ætlað þurfamönnum til styrktar, en ýmsum öðrum hreppsþúum, er sökum harðæris hafi verið komnir í bjargræðisþröng um stundarsakir, og að þessir hreppsþúar hafi þrátt fyrir þetta lán haldið óskertum borgaralegum rjettindum sínum. Þetta álit styðst af vottorði, er áfrýjendurnir hafa útvegað frá Guðmundi bónda í Landakoti Guðmundssyni, sem var hreppstjóri í Vatnsleysustrandarhreppi um það leyti, er hreppurinn tók við stjórnarláninu, og sýnir það, að vorið 1869 hefir hreppstjórinn gefið út «lista» til allra þeirra manna, sem «skulduðu stjórninni fyrir korn» og að þar hefir verið «tilgreind skuldarupphæð hvers «manns með áfallandi 1 árs «rentu»». Reyndar hafa áfrýjendurnir, eptir að hinn áfrýj-  
aði amtsúrskurður var kveðinn upp, haldið því fram, að sveitin jafnframt stjórnarláninu hafi tekið lán hjá kaupmanni í Reykjavík handa ómögum sínum, og að vel geti verið, að Gunnar hafi fengið styrk af þessu láni og ekki af stjórnarláninu; en framburður þessi kemur meðal annars í bága bæði við skýrslu Gunnars og við hið nefnda vottorð hreppstjórans, þar sem beinlínis er tekið fram, að Gunnar hafi verið einn í tölu þeirra, er krafðir hafa verið um stjórnarlánið með vöxtum.

Með því nú að Gunnar enn fremur hefir borið, að hann hafi ekki borgað eptir-  
stöðvarnar af stjórnarlánsskuldinni, af því að hreppstjórinn neitaði að taka fisk upp í þær og síðan ekki krafði hann um þær — með því, að Vatnsleysustrandarhreppur, hvað sem öðru líður, fyrst á árinu 1875 eða rúmum 7 árum eptir, að Gunnar fjekk nefnt lán, tilkynnti það framfærslu sveit hans,— og með því loksins að hreppstjórinn varla myndi hafa heimtað vexti af sveitarláni, enda hefði engin heimild verið til þess, verð jeg að vera yður, herra amtmaður, samdáma um, að það hafi ekki verið nægilega sannað, að hið opt nefnda lán hafi verið sveitarstyrkur, og skal því hinn áfrýjadi úrskurður yðar, sem er byggður á 12 ára dvöl Gunnars í Vatnsleysustrandarhreppi, 1863—1875, óraskaður standa.

Þetta vilduð þjer tilkynna hlutaðeigöndum.

**208**

3. nóv.

### Auglýsing

um póstmál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 5. f. m. samþykkt, að stofnaður hefir verið frá 1 júlí þ. á. brjefhirðingarstaður í Jökulsárhlíð, á Hrafnabjörgum, á aukapóstleið þeirri, sem í fyrra var lögð frá Höfða í Vallahreppi til Vopnafjarðar, sjá 2. staflíð auglýsingar landshöfðingja frá 5. des. f. á. (B.—134).

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 3. nóv. 1882.

Í fjarveru landshöfðingja

**Bergur Thorberg**

settur.

**Jón Jónsson.**